

Dags: 07.09.2021

Tímabil: Annar ársfjórðungur

2021 (apríl-júní)

Efling - stéttarfélag · Kjaramálasvið

Ársfjórðungsskýrsla

Lykiltölur - samskipti

Heimsóknir	203
Tölvupóstar	1.125
Símtöl	2.441

Eftir lokanir vegna sóttvarnarráðstafana var loksins hægt að leyfa heimsóknir félagsmanna á skrifstofur Eflingar þann 26. maí. Frá þeim tíma og fram til júniloka tóku kjaramálafulltrúar á móti 203 félagsmönnum á skrifstofunni.

Fækkun varð á innsendum tölvupóstum um rúmlega 100 samanborið við síðasta ársfjórðung og var endanleg tala þeirra 1.125. Á fyrstu tveimur ársfjórðungum hefur því samantlagt dregist saman í innsendum erindum um 300 tölvupósta á ársfjórðungi.

Alls bárust 2.441 símtöl til sviðsins og fækkaði þeim um tæplega 1000 miðað við síðasta ársfjórðung. Tölurnar um símtöl og tölvupósta taka aðeins til innhringdra símtala og innsendra tölvupósta, ekki úthringinga og útsendinga.

Lykiltölur - launakröfur & erindi

Fjöldi nýskráðra mála	151
Þar af launakröfur	35
Mál afhent lögmönnum	18
Þar af í þrotabú	1
Heildarupphæð launakrafna	20.574.194 kr.
Þar af hjá lögmönnum	14.078.727 kr.
Þar af í þrotabú	2.078.208 kr.
Innheimtar kröfur af starfsmönnum Kjaramálasviðs	1.457.937 kr.
Heildarupphæð greiddrar krafna hjá lögmönnum	51.382.709 kr.
Þar af úr Ábyrgðarsjóði launa	39.622.161 kr.
Fyrirvaralausar uppsagnir, fjöldi mála	8
Fjöldi útsendra bréfa vegna annarra réttindabrota	84

Starfsfólk Kjaramálasviðs aðstoðaði Eflingarfélaga við 151 nýskráð mál á tímabilinu sem er 15 fleiri en á síðasta fjórðungi.

Heildarfjöldi launakrafna var 35 og af þeim var 1 vegna gjaldþrots fyrirtækis.

Launakröfur í heild voru tæplega 20,6 milljónir og þar af rúmlega 2 milljónir í þrotabú.

Á sviðinu innheimtust þegar útsendar launakröfur fyrir 14 félagsmenn upp á samtals kr. 1.457.937.

Lögmenn félagsins innheimtu samtals 51 milljón króna fyrir 126 félagsmenn Eflingar á öðrum ársfjórðungi 2021. Af þeim voru 103 félagsmenn sem fengu tæpar 40 milljónir frá Ábyrgðarsjóði launa vegna gjaldþrota fyrirtækja.

Starfsmenn aðstoðuðu 8 félagsmenn vegna fyrirvaralausra uppsagna.

Starfsmenn sendu út 84 bréf til fyrirtækja eða stofnana vegna ýmis konar réttindabrota annarra en launa og fyrirvaralausra uppsagna.

Fyrirtæki

Rekstraraðilar með fleiri en 5 opnar launakröfur hjá Kjaramálasviði eru þessir:

Nafn	Heiti í fyrirtækjaskrá	Kennitala/tölur	Fjöldi launakrafna	Heildarupphæð launakrafna
Pizzan ehf.	Pizzan ehf.	681016-1200	6	5.602.737 kr.

Pizzan ehf. hefur komið ítrekað inn á borð Kjaramálasviðs vegna vangreiddra launa. Er þar um að ræða yfirvinnu og veikindadaga en einnig desember- og orlofsuppbætur sem ekki hafa verið gerðar upp við starfsmenn við starfslok.

Athugasemdir:

Til viðbótar við almenna ráðgjöf og upplýsingagjöf í síma og tölvupósti, sem er stór þáttur í störfum sviðsins, aðstoðaði Kjaramálasvið 151 félagsmenn með formlegum hætti á ársfjórðungnum svo sem með bréfaskriftum fyrir þeirra hönd eða með gerð launakrafna. Af þeim einstaklingum voru 26% af pólskum uppruna og 35% af öðrum erlendum þjóðernum eða samanlagt 61% samanborið við 39% af íslenskum uppruna. Hlutföllin undirstrika vel þá þekktu staðreynd að verkafólk af erlendum uppruna verður frekar fyrir kjarasamningsbrotum en aðrir.

Nú rúmum 3 árum eftir að Efling tók upp mál fyrir félagsmenn sem unnu hjá starfsmannaleigunni Verkleigan fengust á ársfjórðungnum greiddar kröfur fyrir 78 einstaklinga upp á 19 milljónir frá Ábyrgðarsjóði

launa. Starfsmannaleigan varð gjaldþrota þann 11. maí 2018 og stofnuðu fyrrum eigendur hennar í kjölfarið starfsmannaleiguna Menn í vinnu og enn síðar starfsmannaleiguna Seiglu sem starfar enn í dag. Að auki greiddust á ársfjórðungnum rúmar 20 milljónir úr Ábyrgðarsjóði launa vegna annarra mála sem Efling hefur fylgt eftir fyrir félagsmenn sína.

Það er óviðunandi að það geti tekið rúm 3 ár fyrir félagsmenn Eflingar að fá vangreidd laun sín innheimt í gegnum stofnanir hins opinbera. Þetta staðfestir þörfina á sektarheimildum gegn kjarasamningsbrotum og harðari viðurlögum gegn kennitöluflakki, en þetta hafa verið meðal helstu baráttumála Eflingar. Loforð stjórnvalda varðandi þessi atriði í tengslum við gerð svokallaðra Lífskjarasamninga hafa ekki verið efnd.